

Leiðtogarnir og blöðin.

„Heimir“ ætlaði að leiða hjá sér deilumál blaðanna og blaðaútgefandanna, er nú hafa staðið með miklum blóma um nokkrar vikur. Vegna hvers hann gerir það ekki, en leggur þar orð í belg, þarfnast ekki mikilla útskýringa. Deilurnar eru farnar að verða persónulegar og snerta alla flokka.

Því er þó als ekki þannig varið að „Heimir“ hafi ömun á umræðum er snerta starf og stefnu félagsmála vorra, fjarri fer því, þó út í ritdeilur fari, svo lengi sem þar ræður eitthvert „prinsíp“, og tilgangurinn er einhver annar en sá, að ata for menn og málefni, eða leika skrípaleik. En þegar í byrjun ganga umræðurnar út fyrir málefnið og hafa naumast snert það síðan.

En hvert var málefnið og hvernig spunnust þessar deilur út af því? Þeir sem hér eiga heima í bæ, munu minnst þess, að snemma á þessu síðastliðna sumri var venju fremur mikið um heimsóknir hjá mönnum, óboðinna gesta. Komumenn flestir voru í einum og sömu erindum, að beiðast frjálsra samskota til missíónarhúss í Reykjavík. Áður hafði verið mælt með þessum samskotum bæði í Lögbergi og Sameiningunni og mælst til að eitthvert gjafafé yrði haft saman og sent heim. Innheimtumenn þessir voru flestir gamalmenni, konur eða börn. Mönnum varð í engu hverf við þessar heimsóknir, því slíkt er að engu óvanalegt nú í seinni tíð. Daglega eru menn og konur á ferð húsa á milli þótt í öðrum erindum sé, í liðsafnaði fyrir kyrkjurnar lútersku og boða mönnum trú. Oftast eru það konur allvel við aldur. „Leik-prestar“ kyrkjufélagsins er breiða opin faðm mót syndurunum vilji þeir snúa sér og trúa. Fengsamur hafa þær orðið vonum framar og ekki ófáir svæft allar hjartans efasemdir og æskuþrá „undir hinum kafloðna kerlingar vanga“. Þessar samskota leitanir hefði því enga eftirtekt vakið, hefði ekki þá í þann svipinn birzt áskorun þess efnis að rétta hjálparhönd syrgjandi og bágstöddum, sem mestan skaðann biðu við hinn sorglega skiptapa við Reykjavík-